

SORG

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir



Með treg--a ég horfi' út á haf--flöt-inn blá---a
hug--ur minn reikand---i spyr; "Er al---mættið þarn-a í
himn--in---um há----a, huld-ar þar Guðs-rik----is dyr."

Ég sit hér því kráftur úr sál minni'er þrotinn.
Syrgi ég drenginn minn ein.
Hann sigldi' út á hafið, en báturinn brotinn
byltist á grunnsævis-rein.

Ég skil ei það lögmál sem lífinu ræður,
og leggur á forlögin hörð;
að fórna því besta sem feður og mæður
fengu í gjöf hér á jörð.

En eflaust er tilgangur í þessu falinn,
alltaf þó græti sá kross,
því hver sá er alfaðir víkur ívalinn
vekur til hugsunar oss.

Já, lifandi verur þá mennirnir meta
meira en glingur og þrjál,
þó reynist þeim erfitt í fótspor hans feta
sem færði'okkur eilífa sál.